



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA



Ársskýrsla
Rannsóknamiðstöðvar ferðamála
2018

©Rannsóknamiðstöð ferðamála

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/Norðurslóð, IS-600 Akureyri
Sími: (+354) 460 8930
Rafpóstur: rmf@unak.is
Veffang: www.rmf.is

Titill: Ársskýrsla Rannsóknamiðstöðvar ferðamála 2018

Ritstjóri: Eyrún Jenný Bjarnadóttir
Kápa: Ásprent og Rannsóknamiðstöð ferðamála
Prentun: Ásprent (www.asprent.is)

Forsíðumynd: Útsýni af Kaldbak © Þórný Barðadóttir

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns.....	1
RMF 2018 – þankar forstöðumanns	3
Um RMF	4
Rannsóknaverkefni	7
Viðburðir	16
Rannsóknasamstarf	18
Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF	20
Útgefið efni	22
Fyrirlestrar og erindi	23



Fjaðrárgljúfur



Úr vorferð Skemmtifélags starfsfólks Háskólans á Akureyri á Kaldbak

Ávarp stjórnarformanns

Á að endurtaka mistökin?

Í aldaraðir hefur fólk lagt mikið á sig - oftlega lagt líf sitt í hættu – til þess að kortleggja ókunnar slóðir, kanna lönd og höf, reikna, teikna og festa á blað hvernig löndin liggja. Það auðveldar ferðina þeim sem á eftir koma. Hvernig getum við ratað ef við höfum ekki kort og áttavita? Kortlagning, þekking, er ekki aðeins forsenda markvissra ferðalaga, heldur allra markvissra framfara.

Ferðalög hafa tekið gífurlegum breytingum á fáeinum áratugum. Aldrei í veraldarsögunni hefur annar eins fjöldi skipt um stað jafn oft – og til jafn stuttrar dvalar. Fjöldinn allur er á endalausum rápi um jarðarkringluna. Sumir staðir vinsælli áfangastaðir en aðrir að því marki að þar er gestrisni löngu orðin atvinnugrein, þjónusta við ferðamenn mikilvæg stoð í hagkerfinu. Mikilvæg en fallvölt stoð. Hvað ræður vinsældum áfangastaða? Af hverju byrjar fólk að koma á einhvern stað – og af hverju hætta þau að fara þangað? Það er dýrt að detta úr móð. Hverju skilar þessi gestaflaumur og hvað kostar hann? Atvinnugrein verður að skila ábata – en það verður líka að reikna alla þætti kostnaðarins með í þessu bókhaldi.

Það er ekki langt síðan rannsóknir á ferðamálum hófust fyrir alvöru – og víða eru þær enn að slíta barnsskónum – eða jafnvel varla komnar í neina skó. Skilningur á mikilvægi þessara rannsókna er takmarkaður, - hvað þarf að vita um ferðamennsku? spurði gamall vinur mig um daginn – leggur maður ekki bara í hann og fer þangað sem mann langar og hefur efni á að fara?

Jú, einmitt – en hvert langar mann – og hvert hefur maður efni á að fara? Hvað ræður valinu? Rannsóknir á öðrum auðlindum eru almennt viðurkenndar, - þeim hefur fækkað mjög sem tala gegn rannsóknum á ástandi lífríkisins í hafinu. Menn átta sig á því að það má ekki ganga of nærri auðlindinni. Það eru ekki margir áratugir síðan bæði við og næstu nágrannar okkar – vel upplýstar og þróaðar þjóðir - ofnýttum auðlindir hafsins og gengum að mikilvægum stofnum nær dauðum. Síldarævintýrið á Íslandi og fiskimiðin austur af Nýfundnalandi eru nýleg og skelfileg víti að varast. Auðlindir ferðamenskunnar eru líka viðkvæmar. Það er sannarlega hægt að ganga af þeim dauðum. Til þess að það gerist ekki, verðum við að þekkja þær, og stilla nýtingu þeirra af til samræmis við þolið. Því fer fjarri að við séum komin nógu langt til að geta byggt ákvarðanir um þróun ferðamennsku á þekkingu um þá auðlind. Þar eru enn mörg og stór göt.

Þess vegna er það með ólíkindum hvað yfirvöld vísinda- og menntamála sýna rannsóknum á sviði ferðamála mikið skeytingarleysi. Láta þær gersamlega reka á reiðanum. Aftur og aftur hafa yfirvöld verið hvött og brýnd til þess að styðja sérstaklega við rannsóknir á þessum mikilvæga atvinnuvegi, svo byggja megi stefnumótun og ákvarðanir á þekkingu. Gerist eitthvað? Nei, ekki nokkur hlutur. Ferðamál eru munaðarlaus innan Rannís. Eru í raun ekki einu sinni skilgreint viðfangsefni, hvað þá að sérstakt fagráð sé skipað til að meta umsóknir á þessu sviði.

Yfirstjórn opinberra vísinda- og rannsóknamála er, eða á að vera, í höndum vísinda- og tækniráðs sem í sitja margir ráðherrar – væntanlega til þess að ákvarðanir séu teknar samkvæmt stefnu stjórnvalda um hvað þjóðinni er mikilvægt á hverjum tíma. Hvað ræður ákvarðanatökum við það borð er mér hulin ráðgáta. Það er greinilega ekki mikilvægi þess unga atvinnuvegar sem aflar mestra gjaldeyristekna – meira en sjávarútvegur og stóriðja samanlagt - og byggir á nýtingu viðkvæmustu auðlindar þjóðarinnar – landinu, lífríkinu og fólkinu sem hér býr. Þessu verður að breyta ef ekki á að endurtaka mistök fortíðarinnar.

Dr. Guðrún Pétursdóttir
stjórnarformaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála



Guðrún Pétursdóttir

RMF í starfi og leik



Auður, Íris, Vera og Þórný á súpufundi ferðabjónustunnar á Akureyri í apríl.



Í tilefni flutninga á 7. hæð rannsóknahússins á Borgum, var efnt til kökuboðs fyrir annað starfsfólk Háskólans á Akureyri. RMF var meðal þeirra stofnana sem fluttu inn á 7. hæðina í janúar. Hér eru Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir forstöðukona RHA, Guðrún Þóra og Auður.



Helga og Elísabet í starfsmannaferð RMF í desember.



Guðrún, Íris, Vera og Eyrún á vætusömu Landsmóti hestamanna.



Tracy Harkison og Þórný á góðri stundu í Alta, Noregi.



Íris með Knúti Rafni Ármann í Friðheimum. Heimsóknin í Friðheimum var liður í rannsókn á kjörum og aðstæðum erlends starfsfólks í ferðabjónustu.



Eyrún ræðir við Akureyringa um viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðabjónustu.

RMF 2018 – þankar forstöðumanns

Sjaldan eða aldrei hafa verkefni RMF verið jafn mörg og jafn fjölbreytt og árið 2018, eins og þessi ársskýrsla vitnar vel um. Í upphafi árs voru þó fæst þessara verkefna á teikniborðinu sem endurspeglar þá staðreynd að alltof hægt miðar í þá átt að langtímasýn og skýr stefnumótun um rannsóknir í ferðamálum líti dagsins ljós.

Vissulega hafa ýmis framfaraskref verið stigin á undanförunum árum og ber þar hæst aukna áherslu hins opinbera á málaflokkinn áreiðanleg gögn. Reglubundin gagnasöfnun er mikilvæg undirstaða rannsókna og þekkingarsköpunar en gagnasöfnun og rannsóknir eru ekki eitt og hið sama. Það er verulega brýnt að auka með skipulegum hætti fjármagn til rannsókna í ferðamálum.

Á árinu hófu fjórar öflugar konur störf hjá RMF, tvær í 100% starfi og tvær í 50% starfi. Allar voru þær ráðnar í tímabundnar stöður til þess að bregðast við auknum verkefnum. Tímabundnar stöður eru því miður ekki besta leiðin til þess að byggja upp mannauð í rannsóknum. Rannsóknir þarfnast tíma, þær þarfnast íhugunar og ígrundunar til þess að hugmyndir og aðferðir þroskist og styrkist. Miklir möguleikar liggja einnig í alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsókna í ferðamálum en til þess að þeir möguleikar séu ræktaðir þarf að styrkja og efla mannauð RMF með markvissum hætti.

Samningar um ákveðnar rannsóknir til lengri tíma en nokkurra mánuða eru undirstaða þess að RMF geti ræktað með sóma það hlutverk sitt að efla rannsóknir á sviði ferðamála, styrkja tengsl háskólastarfs og atvinnulífs og auka þekkingu um ferðamál gegnum innlent og erlent samstarf. Þær samfélagslegu áskoranir sem Ísland stendur frammi fyrir hverju sinni eru flóknar, ekki síst á sviði ferðamála. Undir þeim kringumstæðum eru rannsóknir mikilvæg forsenda upplýstrar ákvörðunartöku og stefnumótunar í uppbyggingu og stjórnun ferðaþjónustu.

Á síðustu misserum hefur RMF lagt áherslu á að mynda og efla rannsóknahópa og hvetja til þverfaglegs samstarfs. Markmiðið er að ýta undir fjölþættari nálgun og fjölbreyttari viðfangsefni ferðamálarannsókna hér á landi. Bakland RMF, háskólarnir þrír, gegnir hér lykilhlutverki sem endurspeglast til dæmis í nýjum rannsóknahópi um vinnuafl í ferðaþjónustu og í þeim rannsóknahópi sem stóð að umsókn í Rannís um ferðaþjónustu og ferðamennsku í þjóðgörðum. Rannsóknir eru í eðli sínu skapandi starf og rannsóknahópar geta verið mikilvæg deigla nýrra hugmynda og frjórna lausna. Íslensk ferðaþjónusta þarf svo sannarlega á slíku að halda.



Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir
forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

Um RMF

RMF – Rannsóknamiðstöð ferðamála – er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. RMF er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu.

Stefna RMF er að efla rannsóknir og skilning á áhrifum ferðamennsku á hagkerfi, samfélag og umhverfi. Öflugar rannsóknir eru forsenda markvissrar stefnumótunar, áætlunargerðar og markaðssetningar í greininni. Markmið RMF er að skapa þekkingargrunn sem byggir undir og styður við ábyrga ferðaþjónustu og ferðamennsku.

Markmið RMF eru að:

- efla og bæta rannsóknir í ferðamálum á Íslandi
- stuðla að samvinnu háskólanna sem að miðstöðinni standa á sviði ferðamála
- efla samstarf og samtal við atvinnugreinina og aðra hagsmunaaðila
- stuðla að samstarfi innlendra og erlendra rannsækenda á sviði ferðamála
- gefa út skýrslur og miðla niðurstöðum rannsókna í ferðamálafræðum
- gangast fyrir ráðstefnum og fyrirlestrum í ferðamálafræðum

Aðalskrifstofa RMF er við Háskólann á Akureyri en frá árinu 2012 hefur RMF einnig haft skrifstofu við Háskóla Íslands. Á árinu voru flutningar á báðum stöðum. Á Akureyri flutti RMF milli hæða á Borgum, rannsóknahúsi Háskólans á Akureyri, af 4. hæð upp á þá 7. Í Reykjavík fluttist skrifstofan fyrst milli hæða í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands og síðar á árinu í Nýja Garð.

Starfsfólk

- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður 100%
- Auður H. Ingólfssdóttir, sérfræðingur 100% janúar – ágúst, 80% september – desember
- Elísabet Ögn Jóhannsdóttir, sérfræðingur 100% frá 1. okt.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur 100%
- Helga Einarsdóttir, sérfræðingur, 50% frá 3. september
- Íris Hrund Halldórsdóttir, sérfræðingur 50% frá 1. mars



Starfsfólk RMF við refsilaum á Blönduósi í desember

- Vera Vilhjálmssdóttir, sérfræðingur 100% frá 15. mars
- Þórný Barðadóttir, sérfræðingur 100%
- Valeriya Posmitnaya, sumarstarfsmaður
- Natasja Qvist Flavet, starfsnemi frá Nord háskóla í Alta, september – nóvember

Starfsmannaferðir

Þann 24. apríl heimsótti starfsfólk RMF í Reykjavík starfsstöðina á Akureyri á sameiginlegum starfsdegi. Á starfsdeginum var farið í heimsóknir til Markaðsstofu Norðurlands, Ferðamálastofu og Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri. Auk þess tók starfsfólk þátt í súpufundi ferðaþjónustunnar á Akureyri.

Dagana 5.-6. desember var farið í starfsmannaferð í Húnvatnssýslur. Skoðunarferð um Þrjónastofuna Kidku á Hvammstanga og í heimsóknir til Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi Vestra og Selaseturs Íslands var meðal þess sem gert var í ferðinni. Einnig var litið við í Textílmíðstöð Íslands þar sem starfsfólk fékk fyrst fræðslu um Þekkingarsetrið á Blönduósi og um verkefnið Vatnsdæla á refli áður en það fékk tækifæri til að spreyta sig á refsilaumi.

Stjórn

Í stjórn RMF sitja tveir fulltrúar Háskóla Íslands, tveir fulltrúar Háskólans á Akureyri, einn fulltrúi frá Háskólanum á Hólum, einn frá Ferðamálastofu og einn frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Í árslok 2018 sátu í stjórn:

- Guðrún Pétursdóttir (Háskóli Íslands) formaður stjórnar
- Sigrún Stefánsdóttir (Háskólinn á Akureyri) varaformaður
- Jón Þorvaldur Heiðarsson (Háskólinn á Akureyri)
- Rannveig Ólafsdóttir (Háskóli Íslands)
- Laufey Haraldsdóttir (Háskólinn á Hólum)
- Bjarnheiður Hallsdóttir (Samtök ferðaþjónustunnar)
- Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofa)

Aðalfundur stjórnar

Aðalfundur stjórnar RMF var haldinn 13. mars í Háskólanum á Hólum. Utan hefðbundinna aðalfundarstarfa kynnti starfsfólk RMF starfsemina auk þess sem fundurinn ræddi rannsóknasýn og rannsóknáherslur RMF.

Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor Háskólans á Hólum, ávarpaði fundinn, kynnti starfsemi háskólans, framtíðarsýn og tengsl skólans við RMF sem og samstarf háskólanna þriggja á vettvangi ferðamála-

rannsókna. Auk þess kynnti Oddný Þóra Óladóttir, rannsóknastjóri Ferðamálastofu, eigin rannsókn á stefnumörkun stjórnvalda 1990-2015 á rannsóknum og tölfræðilegri gagnasöfnun á sviði ferðamála.

Á fundinum urðu breytingar á stjórn þegar dr. Sigrún Stefánsdóttir stundakennari við Háskólann á Akureyri tók við af Svanfríði Jónasdóttur sem varaformaður stjórnar.

Ályktun aðalfundar stjórnar RMF á Hólum 13. mars 2018


Stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála brýnir stjórnvöld til þess að efla stórlega rannsóknir í ferðamálum. Ferðaþjónusta á Íslandi er hraðvaxandi atvinnugrein sem byggir á viðkvæmum auðlindum lands og þjóðar og því verður ákvarðanataka um uppbyggingu og skipulag greinarinnar að vera rækilega undirbyggð af áreiðanlegum gögnum. Íslensk ferðaþjónusta nýtir auðlindir náttúru og samfélags, sem umgangast verður með sjálfbærni að leiðarljósi. Aðeins þannig geta þær orðið helsta tekjulind þjóðarinnar til frambúðar.

Stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála hvetur því stjórnvöld til þess að gera án tafar átak í fjármögnun ferðamálarannsókna, með því að Vísinda- og tækniráð opni Markáætlun í ferðamálum og að komið verði á sérstökum rannsóknasjóði ferðamála, í líkingu við AVS sjóð sjávarútvegsins.



Stjórn og starfsfólk RMF hittist á aðalfundi stjórnar 13. mars að Hólum í Hjaltadal. F.v.: Jón Þorvaldur Heiðarsson, Íris H. Halldórsdóttir, Guðrún Pétursdóttir, Rannveig Ólafsdóttir, Oddný Þóra Óladóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Eyrún J. Bjarnadóttir, Laufey Haraldsdóttir, Þórný Barðadóttir, Auður H. Ingólfssdóttir og Sigrún Stefánsdóttir.

Árið hjá RMF í starfi og leik



Starfsmannafundur!



Starfsfólk RMF á góðri stundu milli funda á Akureyri í apríl.



Dr. Nathan Reigner, bandarískur fræðimaður, færði RMF bókaþjóf þegar hann heimstótti skrifstofuna norðan heiða í apríl. Hér er Nathan ásamt Auði og Edward H. Huijbens.



Heimsókn í Þrjónastofuna Kidku á Hvammstanga í desember.



Í starfsmannaferðinni í desember ræddi starfsfólk við Gudrunu Kloes fyrrv. ferðamálafulltrúa Húnaþings vestra um þróun ferðaþjónustunnar í héraðinu og um Grettis sögu.



Búlandstindur

Rannsóknaverkefni

Áfangastaðurinn Norðurland

Meginmarkmið verkefnisins, sem unnið er að beiðni Markaðsstofu Norðurlands (MN), er að skoða ýmsa þætti sem varða markaðssetningu Norðurlands og þá markhópa sem sækja landshlutann heim. Verkefninu er ætlað að stuðla að hnitmiðaðri og skilvirkari markaðssetningu á Norðurlandi og um leið efla fagmennsku í ferðaþjónustunni. Verkefnið, sem hófst á haustmánuðum, skiptist í eftirfarandi þætti:

- Rannsókn á markaðssetningu fyrirtækja á Norðurlandi
 - *Könnunarviðtöl við valda fulltrúa fyrirtækja*
 - *Netkönnun meðal fyrirtækja*
- Ferðavenjur og viðhorf ferðamanna á Norðurlandi
 - *Viðtöl við ferðamenn á völdum svæðum bæði sumar og vetur*
 - *Umsagnir ferðamanna á félagsmiðlum*
- Viðtöl við ferðakaupendur á VestNorden 2018
- Greining fyrirbyggjandi gagna um ferðahegðun erlendra ferðamanna

Stefnt er að kynningu niðurstaðna í lok árs 2019 og er rík áhersla lögð á að ferðaþjónustufyrirtæki á Norðurlandi geti nýtt þær í sínu starfi. Verkefnið er unnið í samstarfi við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum. Stýrihóp þess skipa Laufey Haraldsdóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir frá ferðamáladeild Háskólans á Hólum, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Helga Einarsdóttir frá RMF og Björn H. Reynisson frá MN en verkefnisstjóri er Elísabet Ögn Jóhannsdóttir.

Áhrif orkuvinnslu í Kröflu á upplifun ferðamanna

Rannsóknin fólst í því að meta áhrif Kröfluvirkjunar og tengdra mannvirkja á upplifun ferðamanna á svæðinu. Niðurstöðurnar voru jafnframt bornar saman við niðurstöður úr sambærilegri rannsókn sem fór fram á Blöndusvæðinu sumarið 2016 og niðurstöður kannana á svæðum sem voru til umfjöllunar í þriðja áfanga Rammaáætlunar (vernd og nýting orkusvæða). Gagnasöfnun fór fram árið 2017 en úrvinnsla gagna og skrif skýrslu fóru fram fyrir hluta árs 2018. Verkefnið var unnið fyrir Landsvirkjun og lauk með útgáfu skýrslu um mitt ár 2018.

Auður H. Ingólfssdóttir sinnti verkefninu í samráði við Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttir en umsjón með gagnaöflun hafði Valeriya Posmitnaya og Anna Soffía Víkingsdóttir hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri sá um tölfræðilega úrvinnslu.



Dettifoss

Ferðamenn ánægðir með náttúru á Kröflusvæðinu

Ferðamenn sem heimsækja Kröflusvæðið eru mjög ánægðir með náttúru svæðisins og finnst hún falleg og áhrifamikil. Þetta er meginniðurstaða rannsóknar RMF sem var ætlað að meta áhrif Kröfluvirkjunar og tengdra mannvirkja á upplifun ferðamanna.

Rannsóknin var í formi spurningakönnunar sem var lögð fyrir ferðamenn við Víti, við bílastæði hjá Leirhnjúk og í gestastofu við Kröflu sumarið 2017. Niðurstöður könnunarinnar voru bornar saman við niðurstöður úr sambærilegri rannsókn sem fór fram á Blöndusvæðinu árið 2016. Einnig voru hafðar til hliðsjónar niðurstöður spurningakannana á vegum Rammaáætlunar sem voru gerðar sumarið 2015 á sjö svæðum á landinu þar sem engin orkumannvirki eru til staðar en virkjanakostir eru til skoðunar.

Mannvirki virðast ekki hafa haft neikvæð áhrif á upplifun þeirra, ef marka má niðurstöður spurningakönnunarinnar við Kröflu. Svarendur þar voru jafn ánægðir eða ánægðari með náttúru svæðisins en við átti um þá sem svöruðu sömu spurningum við Blöndu, sem og í rannsókn á vegum Rammaáætlunar, þrátt fyrir að svarendur við Kröflu hafi talið svæðið örlítið meira manngert og talsvert háværra en fram kom í samanburðarkönnunum.

Skýrslu með niðurstöðum rannsóknarinnar má nálgast á <http://www.rmfi.is>.

Áhrif Suðurnesjalínu 2 á ferðaþjónustu og útivist

Meginmarkmið verkefnisins var að kanna möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á upplifun ferðamanna, nýtingu ferðaþjónustuaðila og útivistarmöguleika á áhrifasvæði Suðurnesjalínu 2. Áhrifasvæði nýju línunnar liggur frá Rauðamelum í landi Grindavíkur, yfir að Njarðvíkurheiði og þaðan meðfram Reykjanesbraut að Vallahverfi í Hafnarfirði. Rannsóknin byggðist á viðtölum við útivistarfólk og ferðaþjónustuaðila sem þekkja til og nýta Reykjanesið og áhrifasvæðið til útivistar og ferðaþjónustu. Fyrirliggjandi gögn um áhrif háspennulína á öðrum svæðum á Íslandi og fyrri rannsóknir á svæðinu voru einnig nýtt við rannsóknina.

Vera Vilhjálmisdóttir og Hjalti Jóhannesson hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri höfðu umsjón með verkefninu en Vera sá um gagnaöflun og úrvinnslu. Verkefnið var unnið að beiðni VSÓ ráðgjafa fyrir Landsnet sem hluti af mati á umhverfisáhrifum Suðurnesjalínu 2. Verkefninu lauk í árslok 2018 en skýrsla með niðurstöðum verður birt vorið 2019.

Hringvegurinn: Áfangastaður?

Forverkefni unnið í samstarfi við Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði. Stutt viðtöl voru tekin við erlenda gesti sem ferðast á bílaleigubílum og þeir spurðir um ferðatilhögun, ákvarðanir, reynslu og upplifun af ferðalaginu. Verkefnið er mögulegur undanfari stærri rannsóknar á vægi Hringvegarins í sköpun áfangastaða hérlendis.

Þórný Barðadóttir fer með hluta RMF í undirbúningi og framkvæmd verkefnisins.

Erlendir gestir á einstökum svæðum

RMF hafði umsjón með rannsókn á ferðavenjum erlendra ferðamanna á átta áfangastöðum sumarið 2018. Verkefnið byggði á spurningakönnun sem framkvæmd hefur verið árlega frá 2013 en sumarið 2018 voru rannsóknasvæðin Reykjavík, Reykjanesbær, Vík, Stykkishólmur, Ísafjörður, Hvammstangi, Húsavík og Egilsstaðir.

Rannsóknin tilheyrir reglulegri gagnasöfnun hins opinbera á ýmsum þáttum ferðaþjónustu og ferðamennsku á Íslandi og var unnin af RMF og Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Húsavík fyrir Ferðamálastofu.



Gagnasöfnun á Egilsstöðum fyrir verkefnið Erlendir gestir á einstökum svæðum

Í könnuninni var lögð áhersla á greiningu ýmissa einkennandi þátta ferðamanna á rannsóknasvæðunum s.s. búsetulandi, ferðamáta, gistimáta og dvalarlengd auk þess sem ástæða heimsóknar og útgjaldamynstur ferðamanna voru skoðuð. Niðurstöðurnar voru birtar í Mælaborði ferðabjónustunnar (sjá www.maelaborðferdathjonustunnar.is/) í október 2018 en samantektarskýrslur um hvern stað verða birtar vorið 2019.

Verkefnisstjórn: Guðrún Þóra Gunnarsdóttir fyrir hönd RMF og Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Húsavík fyrir Ferðamálastofu. Umsjón með gagnaöflun hafði Vera Vilhjálmssdóttir hjá RMF.

Ferðamál, orkuvinnsla og náttúruvernd

Rannsókn sem snýr að því að vinna áfram með gögn úr rannsóknnum um áhrif orkuvinnslu á upplifun ferðamanna og spegla helstu niðurstöður úr þeim rannsóknnum við orðræðugreiningu á umræðum á Alþingi þar sem deilur um virkjanir voru í brenni-depli. Valdar voru umræðulotur um Kárahnjúka-virkjun og annan og þriðja áfanga Rammaáætlunar (vernd og nýting orkusvæða) og sérstaklega skoðað



Guðrún Þóra í vettvangsferð á ráðstefnunni MMV 9 í Bordeaux, Frakklandi þar sem áhrif orkuvinnslu á upplifun ferðamanna var meðal viðfangsefna

Staðsetning Grímseyjar og fuglalíf heilla

Erlendir ferðamenn í Grímsey voru ánægðir með dvöl sína í eyjunni, en heimskautsbaugurinn og fuglalífið voru meðal helstu hvata heimsóknarinnar. Skýrsla, sem kom út í árslok greinir frá helstu niðurstöðum könnunar sem gerð var meðal ferðamanna á leið frá Grímsey sumarið 2018 um upplifun þeirra af eyjunni.

Markmið könnunarinnar var m.a. að kanna hvaða hópar heimsækja Grímsey og hvað einkenndi þá. Einnig var verið að kanna hvar þeir fengu upplýsingar um eyjuna, hvað vakti áhuga þeirra á að heimsækja hana, ásamt ferðamáta, dvalarlengd og ferðahegðun.

Niðurstöðurnar sýna að stærsti hópurinn kemur frá Evrópu, langflestir eru í dagsferð og nýta sér Hríseyjarferjuna til að komast fram og tilbaka. Ferðamenn eru áhugasamir um náttúruna og samfélagið á eyinni en kalla almennt eftir betri upplýsingagjöf um gönguleiðir, afþreyingu og eftirtektarverða staði. Skýrslan er aðgengileg á <http://www.rmfi.is>.

hvernig mikilvægi ferðamennsku er túlkað í þeim umræðum.

Rannsóknin var kynnt á ráðstefnu í Kaprun, Austurríki í maí og aftur í Bordeaux, Frakklandi í ágúst. Í lok árs var fræðigrein, þar sem gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum, send í ritryni. Verkefnastjóri rannsóknarinnar, Auður H. Ingólfsdóttir, er aðalhöfundur en Guðrún Þóra Gunnarsdóttir er meðhöfundur. Framhald verkefnisins felur í sér eftirfylgni við greinarskrif á árinu 2019.

Ferðamenn í Grímsey

Verkefnið var unnið að beiðni Akureyrarstofu um að taka saman niðurstöður könnunar sem gerð var meðal ferðamanna í Grímsey sumarið 2018. Markmiðið með könnuninni var að fá upp betri mynd af upplifun og ferðavenjum erlendra ferðamanna í Grímsey. Meðal þess sem spurt var um var ferðamáti til eyjarinnar, dvalarlengd, hvað vakti áhuga ferðamanna á Grímsey og hvar þeir fengu upplýsingar um hana.

Rannsóknin var unnin með fjárstuðningi frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra. Vera Vilhjálmssdóttir sá um úrvinnslu gagna en gagnaöflunin var í höndum Ragnars Hólm Ragnarssonar hjá Akureyrarstofu. Verkefninu lauk með skýrslu í desember 2018.

Hvalaskoðun, sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hver sé skilningur þeirra sem standa að hvalaskoðunarferðum á sjálfbærni, samfélagsábyrgð og tengdum hugtökum og hvernig þessi skilningur móti starfsemi fyrirtækjanna, bæði hvað varðar markaðssetningu og í sjálfum ferðunum. Verkefnið hófst með forkönnun haustið 2018 sem fólst í því að farið var í þrjár hvalaskoðunarferðir, tvær í Eyjafirði (ágúst 2018) og eina á Húsavík (september 2018) auk þess sem heimasíður helstu hvalaskoðunarfyrirtækja á Íslandi voru rýndar til að greina með hvaða hætti sjálfbærni, umhverfismál og samfélagsábyrgð birtust í markaðsefni fyrirtækjanna. Niðurstöður forkönnunarinnar voru kynntar á Þjóðarspeglinum, ráðstefnu í félagsvísindum þann 26. október 2018.

Samstarf um rannsókn á viðburðastjórnun og Landsmót hestamanna

Á Landsmóti hestamanna, sem haldið var í Víðidal í júlí, undirrituðu Háskólinn á Hólum, fulltrúar Landsmótsins og RMF samkomulag um rannsókn á Landsmóti 2018 sem heildstæðum viðburði.

Rannsóknin er unnin í framhaldi af rannsókn Ferðamáldaeldar Háskólans á Hólum á Landsmóti hestamanna á Hólum árið 2016. Markmið hennar er að auka þekkingu á viðburðahaldi og viðburðastjórnun, einkum á sviði hestamennsku, styrkja tengslanet rannsakenda á sviði viðburðastjórnunar, auka þekkingu á Landsmóti hestamanna og efla rannsóknir í viðburðastjórnun við Háskólann á Hólum og RMF.

Landsmót hestamanna ehf. styður við rannsóknina, s.s. með því að veita rannsóknahópum aðgang að gögnum og að mótsvæði.



Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður RMF, Áskell Heiðar Ásgeirsson framkvæmdastjóri Landsmóts og Ingibjörg Sigurðardóttir lektor við Háskólann á Hólum. Myndin var tekin við undirritun samkomulagsins þann 3. júlí á Landsmótinu í Víðidal.

Næstu skref í verkefninu eru í mótun en hugmyndin er að framkvæma viðtalsrannsókn við fulltrúa hvalaskoðunarfyrirtækja á þeim þremur svæðum sem stærstur hluti hvalaskoðunarferða fer fram: Faxaflóa, Eyjafirði og Skjálfaflóa.

Auður H. Ingólfssdóttir stýrir verkefninu.



Hvalaskoðun á Húsavík

Kjör og aðstæður erlends vinnuafis í ferðaþjónustu

Forrannsókn á kjörum og aðstæðum erlends starfsfólks í ferðaþjónustutengdum greinum á Íslandi. Rannsóknin er tvískipt. Annars vegar eru um að ræða viðtöl við fulltrúa staðbundinna verkálýðsfélaga og stofnana sem veita upplýsingar til innflytjenda um réttindi og skyldur í íslensku samfélagi. Þessi viðtöl fóru fram sumarið 2018. Hins vegar er um að ræða viðtöl við starfsfólk í ferðaþjónustu sem verða tekin á vormánuðum 2019. Í rannsókninni verða áskoranir og aðstæður erlends starfsfólks í ferðaþjónustu bornar saman eftir svæðum. Sjónum er beint að völdum svæðum á Suðurlandi (Mýrdalshreppi og Bláskógabyggð), Reykjanesbæ og Vestfjörðum. Svæðin eru mismunandi með tilliti til ársíðasveiflu og ásókn



Friðheimar í Reykholti

ferðamanna. Skoðað er hvað megi betur fara í starfsumhverfi erlends starfsfólks í ferðaþjónustu ásamt því að öðlast dýpri skilning á reynslu fólks sem kemur til starfa hér á landi.

Íris Hrund Halldórsdóttir stýrir verkefninu fyrir hönd RMF í samstarfi við Magnfríði Júlíusdóttur lektor í mannvistarlandfræði hjá Háskóla Íslands. Þær starfa jafnframt með rannsóknahópi um vinnuafli í ferðaþjónustu, sem leiddur er af RMF. Auk íslenskra fræðimanna í rannsóknahópnum eru rannsakendur frá öðrum Norðurlöndum og Bretlandi. Rannsóknin er unnin fyrir styrk frá Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar og lýkur henni sumarið 2019.



Sumarstemming á Selfossi

Starfsánægja í ferðaþjónustu

Undirbúningsverkefni um þróun mælikvarða fyrir starfsánægju í ferðaþjónustu. Verkefnið var unnið að beiðni Stjórnstöðvar ferðamála en í Vegvísi ferðaþjónustunnar er tekið fram að eitt af undirmarkmiðum er að auka starfsánægju í greininni. Verkefninu lýkur með skýrslu vorið 2019.

Íris Hrund Halldórsdóttir stýrði verkefninu

Póla á milli - samanburðarrannsókn

Samanburðarrannsókn á aðstæðum og verklagi þjónustu við skemmtiferðaskip á Akureyri annars vegar og Napier á Nýja-Sjálandi hins vegar. Til skoðunar hvað líkt er og hvað ólíkt í aðstæðum hagsmunaaðila þjónustu í löndunum tveimur og

hver sýn þeirra er á helstu tækifæri og áskoranir í greininni. Fræðigreinin með niðurstöðum var send til ritrýningar í árslok 2018.

Þórný Barðadóttir fer með hluta RMF í rannsókninni sem unnin er í samvinnu við Dr. Tracy Harkison við Háskólann í Auckland á Nýja-Sjálandi.

Skemmtiferðaskip á Akureyri: Forkönnun meðal farþega 2017

Sumarið 2017 stóð RMF fyrir forkönnun meðal farþega skemmtiferðaskipa við Akureyrarhöfn. Spurningalistar voru lagðir fyrir farþega fyrir brottför skipanna þar sem spurt var um ferðahegðun farþega, útgjaldaliði, ákvörðunar- og innkaupaferla auk ánægju farþega eða óánægju með ferð og heimsóknastað. Meginmarkmið forkönnunarinnar var að kanna möguleika aðferðar og aðgengi að farþegum til þess að svara slíkum spurningalistum. Samantekt með niðurstöðum forkönnunarinnar kom út á árinu.

Þórný Barðadóttir stýrði verkefninu en úrvinnsla hrágagna var í höndum Helgu Einarsdóttur.

Skemmtiferðaskip á Akureyri: Könnun meðal farþega 2018

Sumarið 2018 stóð RMF fyrir könnun meðal farþega skemmtiferðaskipa. Könnunin byggði á reynslu forkönnunar sem framkvæmd var við Akureyrarhöfn síðsumars 2017. Sumarið 2018 var lagt upp með endurskoðaðan spurningalista þar sem tekið var mið af könnunum meðal landferðamanna hérlendis. Samantekt með niðurstöðum verður birt vorið 2019.

Þórný Barðadóttir fer með umsjón verkefnisins en könnunin var unnin með styrk frá Akureyrarstofu.



Vinnugögn spyrta við könnun meðal farþega skemmtiferðaskipa á Akureyri

Skemmtiferðaskipafarþegar ánægðir með heimsókn til Akureyrar

Farþegar skemmtiferðaskipa eru mjög ánægðir með viðkomustaðinn Akureyri og eru duglegir að nýta sér skipulagða afþreyingu sem í boði er á svæðinu. Þá voru svarendur forkönnunarinnar sérlega hrifnir af fegurð landsins, snyrtimennsku Akureyringa og því hversu viðkunnalegir og hjálpsamir heimamenn reyndust. Þetta er meðal þess sem fram kemur í niðurstöðum forkönnunar meðal farþega skemmtiferðaskipa sem framkvæmd var við Akureyrarhöfn síðsumars 2017.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að flestir ganga frá kaupum á afþreyingu sem hluta af siglingu og annars um borð í skipi, meðan lítill hluti kaupir afþreyingu á hafnarbakka. Yngstu farþegarnir kaupa síður skipulagða afþreyingu í landi en þeir sem eldri eru. Farþegar eru flestir fullorðið, vel menntað fólk. Flestir höfðu leitað upplýsinga um Ísland á vefsíðum ferðaskrifstofa og með almennri netleit, en þó hafði 1 af hverjum 10 svarenda ekki leitað upplýsinga um Ísland áður en lagt var í siglingu. Tveir þriðjuhlutar telja líklegt að þeir heimsæki Ísland á ný. Þeir sem eldri eru telja líklegast að það verði hluti skemmtisipaferðar meðan yngri svarendur telja allt eins líklegt að næst muni þeir ferðast til landsins með flugi.

Samantekt um niðurstöður forkönnunarinnar er að finna á <http://www.rmfi.is>.

Skemmtiferðaskip og borgaravísindi

Fræðileg gagnaöflun þar sem skoðað er hvort og hvernig nýta megi heimsóknir farþega skemmtiferðaskipa til gagnaöflunar í vísindarannsóknnum. Verkefni unnið í samvinnu við fræðimenn í Alaska og á Bretlandi auk fulltrúa frá samtökum skemmtiskipaútgerða á norðurslóðum [AECO]. Þórný Barðadóttir stýrir hluta RMF í verkefninu. Stefnt er á ritun fræðigreinar með útgáfu vorið 2019.



Valeriya Posmitnaya í gagnasöfnun á Akureyri

Rannsóknir á ráðstefnumörkuðum

Forkönnun á stöðu rannsókna innan ráðstefnumarkaðarins sem var unnin að beiðni Stjórnstöðvar ferðamála. Markmiðið með verkefninu er að gera skil á þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á ráðstefnumarkaðnum á Íslandi, ásamt því að rýna í hvers konar rannsóknir hafa verið framkvæmdar erlendis. Þar á meðal má nefna rannsóknir á efnahagslegum áhrifum, stærð og umfangi markaðarins, markhópa- og markaðsgreiningar og viðhorfskannanir á meðal þátttakenda.

Vera Vilhjálmstöttir stýrir verkefninu sem lýkur með skýrslu vorið 2019.



Í lok ágúst voru fjögur skemmtiferðaskip samtímis við Akureyri

Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að kanna áhrif ferðapjónustu og ferðamanna á heimamenn á Íslandi. Ferðamennska og ferðapjónusta geta markað djúp spor í samfélög heimamanna en töluverður munur getur verið á því í hverju samfélagi hvaða áhrifaþættir veða mest. Í rannsókninni eru könnuð viðhorf heimamanna sem búa við nærveru ferðamanna og skoðað er hvaða áhrif ferðamennska hefur á lífsgæði þeirra. Rannsóknin er liður í vöktun á viðhorfum landsmanna til ferðapjónustu með reglubundnum hætti, annars vegar með könnunum á landsvísu og hins vegar með könnunum á einstaka svæðum.



Ferðamenn við Seljavallalaug

Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu: Landskönnun 2017

Haustið 2017 stóð RMF fyrir könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu. Um er að ræða framhald á könnun sem var fyrst gerð á landsvísu árið 2014 á vegum Ferðamálastofu í samstarfi við RMF og Háskólann á Hólum. Markmiðið var að kanna viðhorf landsmanna til ferðapjónustu og ferðamanna á Íslandi og hvort einhverjar breytingar á viðhorfum landsmanna hefðu átt sér stað frá síðustu könnun á landsvísu 2014. Öllum gögnum var skilað til Vöruhúss gagna - Mælaborðs ferðapjónustunnar.

Sjö samantektir með niðurstöðum könnunarinnar voru unnar fyrir hvert markaðssvæði landshlutanna og voru birtar á heimasíðu RMF snemma árs 2018. Verkefninu lauk með útgáfu ítarlegrar skýrslu með frekari greiningu á gögnum.



Jákvæðar og neikvæðar hliðar ferðapjónustu: Svör við opnum spurningum úr könnun um viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu árið 2017. Hér kemur skýrt fram hversu jákvæðir landsmenn eru í garð ferðapjónustu.

Því meiri samskipti – því meiri jákvæðni

Eftir því sem Íslendingum líkar betur að eiga samskipti við ferðamenn því líklegri eru þeir til að vera jákvæðir í viðhorfum til ferðamanna og ferðapjónustu. Þeir landsmenn sem telja ferðamenn hafa jákvæð áhrif eru mun líklegri en aðrir til þess að upplifa bætt lífsgæði. Þetta er meðal niðurstaðna greiningar á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu og byggja á tveimur viðhorfskönnunum sem gerðar voru meðal Íslendinga 2014 og 2017.

Niðurstöðurnar sýndu að viðhorf landsmanna hafa að mörgu leyti haldist jákvæð frá því könnun á viðhorfum var fyrst gerð árið 2014. Íslendingar telja ferðapjónustu enn vera efnahagslega mikilvæga og að ferðamenn auki fjölbreytileika mannlífsins. Almennt eiga landsmenn í góðum samskiptum við ferðamenn og finna enn fyrir bættum lífsgæðum vegna ferðamanna. En viðhorf urðu einnig neikvæðari milli kannana, einkum þegar horft er til áhrifa ferðamanna á umhverfi og náttúru og viðhorfa landsmanna til starfa í ferðapjónustu. Jákvætt samband fannst á milli þess að eiga oft samskipti við ferðamenn og mats landsmanna á áhrifum ferðamanna á atvinnulíf, efnahag, mannlíf og samfélag. Einnig var jákvætt samband milli þess hvernig landsmönnum líkar að eiga í samskiptum við ferðamenn og mats þeirra fyrrnefndu á áhrifum ferðamanna. Niðurstöðurnar gáfu til kynna að landsmenn hafi almennt ekki áhyggjur af fjölda ferðamanna á Íslandi þrátt fyrir öran vöxt í komum erlendra ferðamanna til landsins undanfarin ár. Viðhorfin voru neikvæðust meðal þeirra landsmanna sem töldu fjölda ferðamanna vera of mikinn en hins vegar virtust hugmyndir landsmanna um neikvæðar hliðar ferðapjónustu og ferðamennsku ekki vera jafn fastmótaðar og þær jákvæðu.

Rannsóknin var fjármögnuð af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu en skýrslan er aðgengileg á <http://www.rmfi.is>.

Rannsóknin var fjármögnuð af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu en Eyrún Jenný Bjarnadóttir stýrði verkefninu. Gagnaöflun og úrvinnsla hrágagna var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri en auk þess aðstoðaði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands við greiningu gagna.



Ferðamaður horfir yfir til Súgandiseyjar þar sem Breiðafjarðarferjan býr sig til brottfarar frá Stykkishólmi. Ferðavenjur erlendra ferðamanna og viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu voru könnuð í Stykkishólmi á árinu.

Viðhorf heimamanna til ferðaþjónustu og ferðamanna 2018: Könnun á einstökum svæðum

Verkefnið felst í því að kanna áhrif ferðaþjónustu og ferðamanna á íbúa á einstökum svæðum á Íslandi. Á árunum 2015 og 2016 voru gerðar tvær tilviksrannsóknir á viðhorfum íbúa. Sú fyrri var unnin af Háskólanum á Hólum fyrir Ferðamálastofu og náði til fjögurra þéttbýlisstaða: Ísafjarðar, Húsavíkur, Hellu og 101 Reykjavíkur. Árið 2016 framkvæmdi RMF svo aðra rannsókn fyrir tilstuðlan atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem náði til þriggja þéttbýlisstaða: Siglufjarðar, Mývatnssveitar og Hafnar í Hornafirði. Haustið 2018 voru fjögur svæði til skoðunar: Egilsstaðir, Stykkishólmur, Húsavík og Reykjanesbær. Hvert þessara svæða hefur sína sögu og sín sérkenni og hafa þau mismunandi áherslur í ferðaþjónustu. Viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu hafa ekki verið könnuð áður nema á Húsavík þar sem sérstaklega verður horft til þess hvort breytingar hafi átt sér stað á viðhorfum íbúa frá síðustu könnun.

Rannsóknin byggir á greiningu fyrirbyggjandi gagna um ferðamennsku á hverju svæði sem og öflun frumgagna. Í gagnaöflun er notast við blandaðar rannsóknaraðferðir, annars vegar með hálfopnum viðtölum við íbúa og hins vegar með spurningakönnun meðal úrtaks íbúa á hverjum stað. Áætlað er að fyrstu niðurstöður liggi fyrir fyrirhluta árs 2019. Lokaskýrsla verður gefin út af Ferðamálastofu sumarið 2019 en rannsóknin var fjármögnuð af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir hefur umsjón með verkefninu og framkvæmd viðtalsrannsóknarinnar en framkvæmd og úrvinnsla úr spurningakönnunarinnar var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri.

Viðhorf ferðamanna í flugi KEF-AK

Könnun á viðhorfum ferðamanna í beinu tengiflugi milli Keflavíkur og Akureyrar. Gögnum var safnað um erlenda ferðamenn í tengifluginu til að varpa ljósi ferðahegðun og neyslu þeirra á Norðurlandi. Einnig var kannað hvaða hópar aðrir hefðu verið í tengifluginu, hvað hefði einkennt þá, hvernig ferðaskipulagi þeirra hefði verið háttað, hvaða flugtengingar þeir hefðu notað ásamt viðhorfi þeirra til þjónustu flugfélagsins. Könnunin var netkönnun



Farþegar ganga um borð. RMF kannaði viðhorf ferðamanna í beinu tengiflugi milli Keflavíkur og Akureyrar.



Strokkur

sem var send til ferðamanna að lokinni ferð á tímabilinu júlí 2017 til febrúar 2018.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir sá um úrvinnslu og verkefnastjórn en gagnaöflun var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri. Verkefninu lauk með skýrslu fyrir Markaðsstofu Norðurlands en auk hennar voru aðrir samstarfsaðilar Air Iceland Connect og Isavia.

Yndisævintýri (Slow Adventure Tourism / SAINT)

Markmið verkefnisins er að bera kennsl á vörur og þjónustu sem snúast um „yndisævintýri“ (e. slow adventure) á norðurlóðum og hvað einkenni þessar ferðir. Með því að búa til skilgreiningu fyrirtækja sem bjóða upp á yndisævintýraferðir og bera kennsl á fyrirtæki sem bjóða slíkar ferðir og hvata þeirra voru gerðar leiðbeiningar um hvernig má skipuleggja ferðþjónustu með þessum hætti og gæti þannig verið frekar í takt við umhverfi og náttúru.

Verkefnið byggir á samstarfi við stofnanir í Noregi og Skotlandi sem hófst árið 2013, en tveimur árum síðar hlaut verkefnið styrk til þriggja ára frá Norðurlóðaáætlun Evrópusambandsins. Að auki hlaut verkefnið styrk frá Norræna Atlantshafs-samstarfinu (NORA). RMF hefur verið í samvinnu við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði um innlenda hluta verkefnisins.


Verkefninu lauk með ráðstefnu sem haldin var þann 14. mars á Höfn í Hornafirði. Edward H. Huijbens sinnti hluta RMF í verkefninu.

Njótum yndisævintýraferða

Á árunum 2015-2018 tók RMF þátt í alþjóðlegu verkefni sem snýr að vöruþróun yndisævintýraferða (e. slow adventure tourism). Verkefnið nefndist SAINT (e. Slow Adventure in Northern Territories) og var styrkt til apríl 2018 af Norðurlóðaáætlun ESB.

Hugmyndafræði hæglætis (e. slow movement) var sett í samhengi ferðalaga og ferðþjónustu og hvernig efla mætti upplifun af náttúru og menningu staða, án þess að krefjast of mikils af umhverfi. Upplifunarferðir þar sem fólk gengur, rær, hjólar eða á annan hátt nýtur þess að drekka í sig umhverfi sitt með því að fara hægt yfir voru settar í forgrunn. Verkefnið snérist um að skilgreina hvert innihald slíkra ferða gæti verið og hvaða hugmyndum þær tengjast um jákvæðar og góðar upplifanir. Úr vinnunni urðu til viðmið til kynningar á yndisævintýraferðum gegnum vefmiðla og kynningarmyndbönd sem sýna hvað ólíkir þátttakendur verkefnisins sköpuðu í þessum anda á sínum heimasvæðum.

Á <https://visitvatnajokull.is/slow-adventure/> má sjá stutt myndband um verkefnið. Frekari upplýsingar má finna á www.slowadventure.org.



Skjáskot úr myndbandi um SAINT (t.v.) og einkennismerki verkefnisins (t.h.)



Viðburðir

Managing visitors in Iceland's recreational areas: Málstofa á MMV 9

30. ágúst í IRSTEA Research Centre og Bordeaux Sciences Agro, Bordeaux, Frakklandi

Umfjöllunarefni 9. ráðstefnunnar Monitoring and Management of Visitors in Recreational and Protected Areas (MMV 9) var stjórnun útivistarsvæða og verndaðra svæða. MMV er alþjóðleg fræðiráðstefna sem haldin er annað hvert ár þar sem fjallað er um stjórnun útivistarsvæða og verndaðra svæða. Þessi ráðstefna var sú níunda í röðinni og tóku um 200 fræðimenn þátt frá 30 löndum. RMF skipulagði í samstarfi við Land- og ferðamálafræðistofu Háskóla Íslands sérstaka málstofu á ráðstefnunni þar sem Ísland var í brennidepli. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir stýrði málstofunni en erindi fluttu þau Auður H. Ingólfssdóttir, Jessica Faustini Aquino, Georgette Leah Burns, Gunnþóra Ólafsdóttir, Micael Runnström og Ólafur Árnason.



Vettvangsferð á MMV 9 - ráðstefnunni í Bordeaux

Vinnustofa um málefni vinnuafls í ferðapjónustu

5. september í Háskóla Íslands

RMF og Land- og ferðamálafræðistofa Háskóla Íslands buðu til vinnustofu um málefni vinnuafls í ferðapjónustu á Íslandi. Markmið vinnustofunnar var að skapa vettvang fyrir frjóa umræðu ólíkra aðila um rannsóknir og gagnaöflun í tengslum við vinnuafl íslenskrar ferðapjónustu. Efnt var til vinnustofunnar vegna heimsóknar Dr. Andreas Walmsleys frá Há-

skólanum í Plymouth sem jafnframt er driffjöður rannsóknahóps um málefni vinnuaflsins í ferðapjónustu sem RMF leiðir.

Tourism employment – current challenges and opportunities: Málstofa á 27. ráðstefnunni Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research

25. september í UIT The Arctic University of Norway, Alta, Noregi

Rannsóknahópur um öflun þekkingar á vinnuafl í ferðapjónustu stóð fyrir málstofu um áskoranir í atvinnumálum ferðapjónustunnar á Norðurlöndunum. Málstofan var tvíþætt. Fyrst voru flutt fjögur erindi og að þeim loknum var unnið í hópum til að kanna hvaða þættir væru aðkallandi varðandi atvinnu í ferðapjónustu á Norðurlöndum. Mörg áhugaverð þemu komu þar fram sem þátttakendur höfðu áhuga á að skoða betur. Má þar nefna ráðningu fólks úr ólíkum menningarheimum; þróun í gervigreind og áhrif hennar á eftirspurn eftir hæfni og færni; kynjamál; leiðtogahæfni; skort á þjálfun; hæfni og þróun námsefnis; staðalímyndir og hreyfanlegt vinnuafl; aðgreiningu á milli atvinnu í dreifbýli og þéttbýli; skort á vinnuafl; mismunandi menntunarstig og aðgengi að gögnum. Í málstofunni sammæltust þátttakendur um mikilvægi þeirra mála sem snerta atvinnu í ferðapjónustu á Norðurlöndunum. Í framhaldinu er stefnt að því að leita leiða til frekari samvinnu, t.a.m. með því að gefa út ritstýrða bók um málefnið.



Íris H. Halldórsdóttir, Katrín Anna Lund, Magnfríður Júlíusdóttir, Andreas Walmsley og Gunnar Þór Jóhannesson



Fyrirlesarar í málstofunni Ferðamannalandið Ísland. F.v.: Íris H. Halldórsdóttir, Gunnþóra Ólafsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson, Eyrún Bjarnadóttir, Magnfríður Júlíusdóttir og Steinunn Valdís Óskarsdóttir sem stýrði málstofunni

Ferðamannalandið Ísland: Málstofa um ferðamál á ráðstefnunni Hrunið, þið munið!

5.-6. október í Háskóla Íslands

Land- og ferðamálafræðistofa Háskóla Íslands og RMF stóðu sameiginlega fyrir málstofu um tengsl Hrunsins við ferðamannalandið Ísland. Fjögur erindi voru flutt í málstofunni þar sem sjónum var beint að breytingum á stöðu ferðaþjónustunnar sem fékk í kjölfar Hrunsins áður óþekktu athygli sem ein megin uppspretta erlends gjaldeyris fyrir þjóðarþúið. Fjallað var um upplifun fólks af vaxandi ferðamennsku árin eftir Hrun, þá einkum eftir Eyjafjallajökulgosið og nýjan veruleika ferðamála eins og hann birtist í dag með öllum þeim áskorunum og möguleikum sem í honum býr. Málstofustjórn var í höndum Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur sérfræðings á skrifstofu ferðamála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu en fyrirlesarar voru Gunnþóra Ólafsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson, Eyrún Bjarnadóttir, Íris H. Halldórsdóttir og Magnfríður Júlíusdóttir.

Málstofan var hluti af ráðstefnunni Hrunið, þið munið! sem haldin var í tilefni þess að áratugur var liðinn frá efnahagshruninu. Á dagskrá voru um 100 fyrirlestrar í rúmlega 20 málstofum sem fjölluðu um aðdraganda og afleiðingar hruns íslenska bankakerfisins haustið 2008 og víðtæk áhrif þess í íslensku samfélagi.

Málstofa um ferðamál á umbrotatímum

13. október í Háskólanum á Akureyri

RMF og Vísindafélag Íslendinga stóðu sameiginlega að málstofu um ferðamál á umbrotatímum. Til umfjöllunar voru rannsóknir sem varða stöðu ferðaþjónustunnar á Íslandi í ljósi þolmarka, landsbyggðarinnar og sjálfbærni. Erindi fluttu þau Gunnþóra Ólafsdóttir, forstöðumaður rannsókn- og tölfræðisviðs Ferðamálastofu, Jón Þorvaldur Heiðarsson, lektor við Háskólann á Akureyri og Auður H. Ingólfssdóttir, sérfræðingur við RMF. Málstofan var hluti af fyrirlestrarröð Vísindafélagsins um vísindi og samfélagslegar áskoranir, sem var skipulögð í tilefni 100 ára fullveldis Íslands.

Þjóðarspegillinn 2018

26. október í Háskóla Íslands

Venju samkvæmt tók RMF þátt í Þjóðarspeglinum, árlegri ráðstefnu í félagsvísindum við Háskóla Íslands og var haldin í 19. sinn. RMF stóð að þessu sinni fyrir tveimur málstofum. Sú fyrri bar heitið *Vinnuafli í ferðaþjónustu: Áskoranir og tækifæri* en þar voru flutt fimm erindi sem byggðu á rannsóknum um starfsfólk í ferðaþjónustu á Íslandi. Sú síðari nefndist *Responsible Tourism in Arctic Seascapes*. Þar voru flutt fjögur erindi í tengslum við ábyrga ferðaþjónustu á strandsvæðum. Báðar málstofurnar tengdust yfirstandandi rannsóknaverkefnum og rannsóknahópum sem RMF er aðili að.

Rannsóknasamstarf

Ábyrg ferðamennska á norðurslóðum (ReSea)

RMF tekur þátt í þverfaglegu rannsóknaneti vísindafólks í sjávarlíffræði, mannvistarlandfræði og ferðamálfræði undir heitinu Responsible Tourism in Arctic Seascapes (ReSea). Markmið rannsóknans er að koma af stað verkefnum sem miða að því að byggja upp þekkingargrunn sem auðveldar ábyrga ákvarðanatöku í sjávertengdri ferðaþjónustu sem byggir á aðdráttarafli og lífríki hafsins. Rannsóknanetið samanstendur af íslenskum, norskum og áströlskum fræði- og vísindamönnum. Fulltrúar rannsóknans funduðu einu sinni á árinu í tengslum við ráðstefnu í Alta, Noregi, í september og íslenski hluti rannsóknahópsins stóð fyrir málstofu á Þjóðarspegli 2018 í október. Þá sendi hópurinn umsókn til Rannís í annað sinn, í kjölfar hvetjandi umsagnar um styrkumsókn árið 2017, en því miður fékk síðari umsóknin ekki heldur brautargengi.

Auður H. Ingólfssdóttir sinnir þátttöku RMF í rannsóknanetinu en verkefnastjóri er Jessica Faustini Aquino, sérfræðingur hjá Selasetri Íslands og lektor við Ferðamálaeild Háskólans á Hólum.

Ferðamennska og vernduð svæði

RMF leiddi vinnu fræðimanna við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Háskólann á Hólum við gerð umsóknar sem var send í Rannsóknasjóð í júní undir heitinu TPN-NORD (Tourism in national Parks – New Opportunities in Regional Development?). Lagt var upp með að byggja á rannsóknum fræðimanna í hópnum og leggja áherslu á bæði upplifun ferðamanna á því að ferðast um vernduð svæði og þeim möguleikum sem felast í vernduðum svæðum fyrir byggðaþróun. Umsóknin fékk ekki brautargengi en fékk þó góðar umsagnir frá matsaðilum sem er hvatning til áframhaldandi samstarfs hópsins.

Auður H. Ingólfssdóttir stýrir þessari vinnu fyrir hönd RMF.

Norðurslóðanet Íslands

RMF er einn stofnaðila Norðurslóðanets Íslands - þjónustumiðstöðvar norðurslóðamála. Netið er samstarfsvettvangur stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka á Íslandi sem vinna að málefnum norðurslóða.



Hópur skemmtiskipafarþega á leið til skips á Akureyri

Norrænt samstarfsnet um skemmtiskiparannsóknir (NCRN)

Árið 2017 kom RMF að undirbúningi stofnunar Norræns rannsóknansnets um skemmtiskiparannsóknir. Formlegur stofnfundur rannsóknansnetsins var haldinn um fjarfund í janúar 2018. Þátttakendur sátu á Íslandi, í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Þann 24. september 2018 var haldinn formlegur NCRN-fundur í Alta, Noregi í tengslum við 27. ráðstefnuna Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research. Í mars 2018 sendi NCRN umsókn til NORA (Norræna Atlantshafssamstarfsins) til mótunar frekari samvinnu aðila úr fræðaheimi, stjórnsýslu og þjónustuaðila skemmtiferðaskipa um tillögur til stefnumótunar um umferð skemmtiferðaskipa til landa á starfssvæði NORA. Umsóknin hlaut ekki brautargengi en rannsóknarnetið stefnir að því að vinna hugmyndina áfram. Í árslok 2018 hófst undirbúningur annarrar umsóknar fyrir rannsókn á ýmsum umhverfisáhrifum umferðar skemmtiferðaskipa. Haldinn var undirbúningsfundur í Stokkhólmi um miðjan desember 2018, þar sem settar voru fram rannsóknaspurningar og unnið að fyrstu drögum verkefnalýsinga. Verkefnið er að hluta sprottið úr Arctic Studies-umsóknarvinnu sem Þórný Barðadóttir, RMF og Dr. Hin Heemstra, Nord University hlutu.

Þórný Barðadóttir sinnir hlut RMF í verkefninu.

Samtök um ferðamálarannsóknir á norðurslóðum (IPTRN)

Alþjóðleg samtök sérfræðinga á sviði ferðamálarannsóknna á heimskautasvæðum. Samtökin leggja áherslu á þekkingarsköpun og -miðlun þar sem mismunandi sjónarmið fá hljómgrunn.

Verkfærakista rannsókna í ferðamálum

Rannsóknahópur um aðferðafræði og samburð rannsókna í ferðamálum. Hópurinn var myndaður í kjölfarið á 13. ráðstefnunni um ábyrga ferðþjónustu á áfangastöðum (e. 13th International Conference on Responsible Tourism in Destinations), sem haldin var í Reykjavík 28. – 29. september 2017. Markmið hópsins er að kanna hvernig hægt sé að setja saman skilvirka ferla, eins konar verkfærakistu, sem er ætluð hagsmunaaðilum í ferðþjónustu svo að hægt sé að nálgast viðfangsefni í ferðþjónustu á sjálfbæran og ábyrgan hátt.



Hrafna-Flóki stendur vaktina við Víkingaheima í Reykjanesbæ

Meðal spurninga sem hópurinn gæti leitað svar við má nefna: Hvers konar verkfæri virka í reynd? Hvernig á að fylgjast með áhrifum mismunandi verkfæra? Hvaða verkfæri henta hvar?

Petra Blinnikka, JAMK University of Applied Sciences í Finnlandi leiðir vinnuna en aðrir þátttakendur eru ferðþjónustufyrirtæki, Háskóli Íslands, Háskólinn á Hólum og Samtök um ábyrga ferðþjónustu.

Rannsóknahópur um vinnuafli í ferðþjónustu

Rannsóknahópur um öflun þekkingar á vinnuafli í ferðþjónustu á Íslandi. Meðal mögulegra rannsóknæfna má nefna þætti eins og eðli starfa í ferðþjónustu, mannauð, þátttöku og stöðu erlends vinnuafli og menntun vinnuafli. Hópurinn var myndaður í kjölfarið á 13. ráðstefnunni um ábyrga ferðþjónustu á áfangastöðum (e. 13th International Conference on Responsible Tourism in Destinations), sem haldin var í Reykjavík 28. – 29. september 2017. Dr. Andreas Walmsley frá Plymouth University leiðir vinnuna en Íris Hrund Halldórsdóttir, sérfræðingur RMF er starfsmaður hópsins.

Rannsóknahópurinn stóð fyrir málstofu á 27. ráðstefnunni Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research í Alta Noregi. Með málstofunni var leitast eftir að kanna áskoranir er varða atvinnu í ferðþjónustunni á Norðurlöndunum. Á döfinni er útgáfa bókar um málefni vinnuafli í ferðþjónustu á norðlægum slóðum. Bókin hefur vinnuheitid: „Tourism Employment in Nordic Countries“.



Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður RMF, Daði Már Steinsson, Grétar Ingi Erlendsson og Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri SAF

Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF

Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF fyrir árið 2017 voru afhent við hátíðlega athöfn á aðalfundi SAF 2018 á Radisson Blu Hótel Sögu þann 21. mars. Verðlaunin hlutu Daði Már Steinsson og Grétar Ingi Erlendsson sem skrifuðu lokaverkefnið Markaðs-áætlun Nordic Green Travel ehf. til BS-gráðu í ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður RMF og Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri SAF afhentu verðlaunin.

Verkefnið notuðu Daði Már og Grétar Ingi til að gera markaðsgreiningu og -áætlun fyrir nýja ferðaskrifstofu, Nordic Green Travel ehf., sem hyggur á innkomu á íslenskan ferðaþjónustumarkað. Markmið greiningarinnar var að kanna hvernig nýta mætti sjálfbæra starfshætti til aðgreiningar á markaðinum. Nordic Green Travel verður bókunarsíða sem stefnir að því að hjálpa ferðamönnum að ferðast um landið með ábyrgum hætti, setja hag umhverfis og samfélags á oddinn við val á samstarfsaðilum og stuðla þannig að sjálfbærni í ferðaþjónustu á Íslandi.

Niðurstöður markaðsgreiningarinnar leiddu m.a. í ljós að þrátt fyrir styrkingu íslensku krónunnar er búist við hagvexti á helstu markaðssvæðum. Markaðskönnunin sýndi fram á að meirihluti

erlendra ferðamanna voru líklegir til að velja umhverfis- og samfélagsvæna kosti í ferðamennsku fram yfir aðra. Af þessu drógu höfundar þá ályktun að pláss sé á íslenskum ferðaþjónustumarkaði fyrir fyrirtæki sem hefur sjálfbærni að leiðarljósi og að sjálfbær ferðamennska er raunhæfur kostur í ferðaþjónustu á Íslandi. Á grunni niðurstaðna greiningarinnar settu höfundar fram ítarlega markaðsáætlun fyrir Nordic Green Travel.

Í umsögn dómnefndar segir:

Daði Már og Grétar Ingi eru vel að verðlaununum komnir. Fræðilegur bakgrunnur lokaverkefnisins er sterkur og efnistöð er bæði skýr og vel afmörkuð. Sérstaklega er áhugavert hvernig verkfærakista háskólanemans er nýtt til að svara þörfum umhverfisins. Þar er horft til sjálfbærni og ábyrgrar ferðamennsku, sem er krafa ferðamanns framtíðarinnar. Verkefnið er athyglisvert framlag bæði til nýsköpunar á þekkingu í ferðaþjónustu og til nýsköpunar á ferðaþjónustumarkaði á Íslandi. Óhætt er að segja að sú hugsun sem þarna kemur fram sé á margan hátt öðrum til eftirbreytni.

Leiðbeinandi Daða Mús og Grétars Inga var Magnús Haukur Ásgeirsson aðjúnkt í ferðamálafræði við Háskóla Íslands.

Dómnefnd Lokaverkefnisverðlauna SAF og RMF skipuðu Rósbjörg Jónsdóttir sérfræðingur, fulltrúi SAF, Laufey Haraldsdóttir, fulltrúi stjórnar RMF og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur hjá RMF.

Níu lokaverkefni úr grunnnámi til BS-gráðu eða BA-gráðu við háskóla hér á landi voru tilnefnd til lokaverkefnisverðlaunanna. Öll verkefni voru framúrskarandi og fjölluðu um brýn viðfangsefni íslenskrar ferðaþjónustu.

RMF kallar eftir tilnefningum í janúar ár hvert fyrir verkefni sem voru metin til prófgráðu á árinu á undan. Forsenda tilnefninga er að lokaverkefni uppfylli ítrustu kröfur sem gerðar eru til rannsóknaritgerða á viðkomandi námsstigi og séu faglega unnin í hvívetna.



Horft yfir Eyjafjörð úr hlíðum Kaldbaks

Tilnefnd lokaverkefni

Áhrif ferðalaga á lífssýn og gildi. Ferðasaga Birtu Árdal Bergsteinsdóttur
Sara Kristjánsdóttir nemandi í ferðamálafræði við Háskóla Íslands
Leiðbeinandi: Gunnar Þór Jóhannesson

Geta allir orðið leiðsögumenn? Um hlutverk leiðsögumanna
Pyrí Kristínardóttir nemandi í ferðamálafræði við Háskólann á Hólum
Leiðbeinandi: Kjartan Bollason

„Í spor risa“ Áhrif alþjóðlegs skemmtiefnis á ferðamannastaði á Íslandi
Ingibjörg Sara Guðmundsdóttir og Jóhanna Rut Sævarsdóttir nemendur í ferðamálafræði við Háskóla Íslands
Leiðbeinandi: Katrín Anna Lund

Markaðsáætlun Nordic Green Travel ehf.
Daði Már Steinsson og Grétar Ingi Erlendsson nemendur í ferðamálafræði við Háskóla Íslands
Leiðbeinandi: Magnús Haukur Ásgeirsson

Nýliðar í ferðaþjónustufyrirtækjum. Nýliðamóttaka í íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum
Ragnar Týr Smárason nemandi í viðskiptafræði við Háskóla Íslands
Leiðbeinandi: Ásdís Emilsdóttir Petersen

Ofurmömmur á ferð og flugi. Upplifun leiðsögumanna af starfi og samspil þess við fjölskyldulíf
Halldóra Sigríður Halldórsdóttir nemandi í ferðamálafræði við Háskóla Íslands
Leiðbeinandi: Edda R.H. Waage

Starfsmenntun og starfsþjálfun í afþreyingarferðaþjónustu á Norðurlandi. Þarfir, fræðsluleiðir og hindranir
Helgi Hannesson nemandi í ferðamálafræði við Háskólann á Hólum
Leiðbeinandi: Kjartan Bollason

Varúð! staða varúðarskilta á Íslandi og Hætta/Athugið
Ívar Björnsson nemandi í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands
Leiðbeinandi: Hörður Lárusson

Öryggisáætlanir í ævintýraferðaþjónustu á Íslandi. Viðhorf stjórnenda fyrirtækja í ævintýraferðaþjónustu
Valgerður Káradóttir nemandi í ferðamálafræði við Háskólann á Hólum
Leiðbeinandi: Ingibjörg Sigurðardóttir

Sjá nánar: <http://www.rmfi.is/is/um-rmf/verdlaun>

Útgefið efni

- Auður H. Ingólfssdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Anna Soffía Víkingsdóttir og Valeriya Posmitnaya. (2018). *Áhrif orkuvinnslu í Kröflu á upplifun ferðamanna. Niðurstöður spurningakönnunar sumarið 2017*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Edward H. Huijbens, Eva Halapi og Heiða Aðalsteinsdóttir. (2018). Viðhorf útivistarfólks og ferðamanna til virkjana á Henglinum. Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ásdís A. Arnalds og Anna Soffía Víkingsdóttir. (2018). Því meiri samskipti - því meiri jákvæðni. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2018). Viðhorf ferðamanna í flugi milli Keflavíkur og Akureyrar. Niðurstöður könnunar meðal farþega. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2018). Viðhorf íbúa á Austurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2018). Viðhorf íbúa á Höfuðborgarsvæði til ferðamanna og ferðaþjónustu. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2018). Viðhorf íbúa á Norðurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2018). Viðhorf íbúa á Reykjanesi til ferðamanna og ferðaþjónustu. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2018). Viðhorf íbúa á Suðurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2018). Viðhorf íbúa á Vestfjörðum til ferðamanna og ferðaþjónustu. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2018). Viðhorf íbúa á Vesturlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2018). *Erlendir gestir á Akureyri sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2018). *Erlendir gestir á Húsavík sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2018). *Erlendir gestir á Siglufirði sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2018). *Erlendir gestir í Borgarnesi sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2018). *Erlendir gestir í Mývatnssveit sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2018). *Erlendir gestir í Reykjavík sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir. (2018). *Dreifing ferðamanna um landið - Talningar ferðamanna á áfangastöðum út árið 2017*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Vera Vilhjálmssdóttir og Hjalti Jóhannesson. (2018). *Áhrif Suðurnesjalínu 2 á ferðaþjónustu og útivist. Unnið fyrir Landsnet vegna mats á umhverfisáhrifum*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Vera Vilhjálmssdóttir og Ragnar Hólm Ragnarsson. (2018). *Ferðamenn í Grímsey sumarið 2018. Niðurstöður könnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Þórný Barðadóttir. (2018). *Skemmtiferðaskip á Akureyri: Forkönnun meðal farþega 2017*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Fyrirlestrar og erindi

- Auður H. Ingólfssdóttir. 2018, 20. mars. „Arctic Peace: The Role of Tourism“. Erindi flutt á málþinginu Peace in the Arctic, haldið í Tromsø, Noregi.
- Auður H. Ingólfssdóttir. 2018, 17. maí. „Nature as a Tourist Attraction in Iceland“. Erindi á ráðstefnunni Tourism Naturally, haldin í Kaprun, Austurríki.
- Auður H. Ingólfssdóttir. 2018, 24. maí. Þátttaka í pallborði á ráðstefnunni Responsible Tourism, haldin í Torshavn, Færeyjum.
- Auður H. Ingólfssdóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. 2018, 30. ágúst. „Tourism as a Tool for Nature Conservation“. Erindi flutt á MMV9 (The 9th International conference on Monitoring and Management of Visitors in Recreational and Protected Areas), haldin í Bordeaux, Frakklandi.
- Auður H. Ingólfssdóttir. 2018, 13. október. „Ferðamál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna“. Erindi flutt á sameiginlegu málþingi Vísindafélags Íslendinga og RMF um ferðamál á umbrotatímum, haldið á Akureyri.
- Auður H. Ingólfssdóttir. 2018, 17. október. „Tourism and Climate Change in the Arctic“. Erindi flutt á málþinginu The Northern Vantage Point, forviðburði í tengslum við Arctic Circle ráðstefnuna, haldinn á Akureyri.
- Auður H. Ingólfssdóttir. 2018, 26. október. „Whale Watching and Sustainable Development“. Erindi flutt á ráðstefnunni Þjóðarspegillinn 2018, rannsóknir í félagsvísindum XIX, haldin í Háskóla Íslands.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 2018, 24. apríl. „Viðhorf íbúa á Norðurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu og samanburður við landið í heild“. Erindi flutt á Súpufundi ferðaþjónustunnar á Akureyri.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 2018, 11. maí. „Viðhorf landsmanna til ferðamanna og ferðaþjónustu“. Erindi flutt á 12. ráðstefnunni um íslenska þjóðfélagið, haldin í Háskólanum á Bifröst.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 2018, 6. október. „Er allt í klandri í ferðamannalandi?“. Erindi flutt á ráðstefnunni Hrunið, þið munið!, haldin í Háskóla Íslands.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 2018, 17. október. „Plúsar og mínusar ferðaþjónustunnar. Frá sjónarhóli heimamanna“. Erindi flutt á Byggðaráðstefnunni 2018: Byggðapróun og umhverfismál – hvernig getur blómleg byggð og náttúruvernd farið saman?, haldin í Stykkishólmi.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. 2018, 28. febrúar. „Tourism, Place and Identity: The Icelandic Version“. Fjarfyrirlestur fyrir mastersnema í eyjafræðum við University of Prince Edward Island.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. 2018, 15. mars. „Sharing space with tourism: how do residence embrace the ever increasing role of tourism in their community“. Fjarfyrirlestur fyrir mastersnema í eyjafræðum (Island Studies) við University of the Highlands and Islands.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. 2018, 9. apríl. „Samfélagsleg áhrif Bræðslunnar“. Fyrirlestur í námskeiðinu Viðburðir og samfélag við ferðamáladeild Háskólans á Hólum.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. 2018, 10. apríl. „Taming the beast: Tourism management in Iceland“. Erindi haldið fyrir sjálfbærnefnd Norðurlandaráðs, Hofi, Akureyri.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 2018, 3. maí. „Út í heim eða út á land. Tengiflug KEF-AEY frá sjónarhorni ferðamannsins“. Erindi flutt á Vorráðstefnu Markaðsstofu Norðurlands og Flugklasans Air 66N: Flogið í rétta átt, haldin í Menningarhúsinu Hofi, Akureyri.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. 2018, 9. maí. „Tourism in Iceland: what do we know and what do we need to know?“. Erindi fyrir finnska blaðamenn í Ráðhúsi Reykjavíkur.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. 2018, 14. júní. „Rannsóknir og rannsóknir...“. Erindi flutt á hádegisfundi Íslenska ferðaklasans: Tölum um tölur! Aukin samkeppnishæfni með áreiðanlegum gögnum, haldinn í Húsi ferðaklasans, Reykjavík.

- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Íris Hrund Halldórsdóttir. 2018, 25. september. „Some thoughts about the Icelandic tourism workforce and job satisfaction“. Erindi flutt á Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research, haldið í Alta, Noregi.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. 2018, 15. október. „Dealing with the growth-pains: Tourism Management in Iceland“. Erindi flutt við Griffith Institute for Tourism, Brisbane, Ástralíu.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. 2018, 1. nóvember. „Hvað er RMF?“. Kynning fyrir stjórn Akureyrarstofu.
- Íris Hrund Halldórsdóttir. 2018, 11. maí. „Vinnuafli í ferðaþjónustu og starfsánægja“. Erindi flutt á 12. ráðstefnunni um íslenska þjóðfélagið, haldin í Háskólanum á Bifröst.
- Íris H. Halldórsdóttir og Guðrún Þ. Gunnarsdóttir. 2018, 26. október. „Vinnuafli í ferðaþjónustu og starfsánægja“. Erindi á ráðstefnunni Þjóðarspegi 2018, rannsóknir í félagsvísindum XIX, haldin í Háskóla Íslands.
- Íris H. Halldórsdóttir. 2018, 26. október. „Starfsaðstæður í ferðaþjónustu og gæðavottanir“. Erindi á ráðstefnunni Þjóðarspegi 2018, rannsóknir í félagsvísindum XIX, haldin í Háskóla Íslands.
- Magnfríður Júlíusdóttir og Íris H. Halldórsdóttir. 2018, 6. október. „Erlent vinnuafli til bjargar? - í vexti ferðaþjónustu og byggða“. Erindi flutt á ráðstefnunni Hrunið, þið munið!, haldin í Háskóla Íslands.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir. 2018, 17. október. „Erlendir gestir og einstök svæði“. Erindi flutt á Byggðaráðstefnunni 2018: Byggðapróun og umhverfismál – hvernig getur blómleg byggð og náttúruvernd farið saman?, haldin í Stykkishólmi.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir. 2018, 22. nóvember. „Erlendir gestir á Siglufirði sumrin 2015 og 2017“. Erindi flutt á haustfundi ferðaþjónustunnar í Fjallabyggð, Ólafsfirði.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir. 2018, 14. desember. „Eru ferðavenjur ólíkar eftir áfangastöðum?“ Hádegisfyrirlestur á vegum Ferðamálastofu í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.
- Vera Vilhjálmsdóttir. 2018, 26. október. „Rannsóknir á íslenska ráðstefnumarkaðnum. Hvað vitum við og hvað viljum við vita?“ Erindi á ráðstefnunni Þjóðarspegi 2018, rannsóknir í félagsvísindum XIX, haldin í Háskóla Íslands.
- Þórný Barðadóttir. 2018, 7. febrúar. „Af hópum og hálfopnum dyrum“. Erindi flutt á vettvangsdegi nemenda í ferðamálafræði við Háskólann á Hólum.
- Þórný Barðadóttir. 2018, 27. febrúar. „Samvinna móttökuaðila góð – ákvarðanatöku á fárra hendi: Niðurstöður rannsóknar á móttöku skemmtiferðaskipa“. Erindi flutt á Súpufundi ferðaþjónustunnar á Akureyri.
- Þórný Barðadóttir. 2018, 16. maí. „... það er bara hver á að taka af skarið...? Viðtalsrannsókn um móttöku skemmtiferðaskipa“. Erindi flutt á ráðstefnu um ferðaþjónustu: Hvar, hvert og hvernig?, haldin í Háskólanum á Hólum.
- Þórný Barðadóttir. 2018, 1. júní. „Turismen i Island“. Erindi flutt á ársfundi færeysku Vinnuálagstofnunarinnar í Tórshavn.
- Þórný Barðadóttir. 2018, 7. september. „Skipin koma – hvað svo?“ Erindi og þátttaka í pallborðsumræðum: Skemmtiferðaskip og nærsamfélagið. Ábyrg ferðaþjónusta. Viðburður á vegum Lýsu, upplýsandi hátíðar um samfélagsmál, Hofi Akureyri.
- Þórný Barðadóttir. 2018, 26. september. „Beautiful but expensive! Passenger-survey at Akureyri harbour, Northern Iceland“. Erindi flutt á Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research, haldið í Alta, Noregi.
- Þórný Barðadóttir og Tracy Harkison. 2018, 26. september. „Poles apart? A North/South investigation into tourism“. Erindi flutt á Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research í Alta, Noregi.
- Þórný Barðadóttir. 2018, 26. október. „Cruise ship visits to coastal communities“. Erindi flutt á ráðstefnunni Þjóðarspegi 2018, rannsóknir í félagsvísindum XIX, haldin í Háskóla Íslands.
- Þórný Barðadóttir. 2018, 7. nóvember. „Móttaka skemmtiferðaskipa“. Erindi flutt á fræðsluvöldi Vitafélagsins – íslensk þjóðmenning, haldið í Reykjavík.



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA